

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 2. september 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-91/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 2. júlí sl. bað A, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna bifreiðar sem hann keypti af B, 5. október 2009. Álitsbeiðandi segir bifreiðina hafa verið gallaða og fer fram á að seljandi greiði honum hluta kostnaðar við kaup sín á varahlutum í bifreiðina. Álitsbeiðandi gerir þá kröfu í álitsbeiðni að seljandi greiði honum kr. 90.000.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 6. júlí sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 19. júlí. Engin andsvör bárust fyrir tilskilinn tíma. Með bréfi, dags. 18. ágúst sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu. Hinn 19. ágúst bárust hins vegar andsvör sem rituð voru fyrir hönd seljanda. Með bréfi, dags. 20. ágúst, var álitsbeiðanda ritað bréf og honum gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin sem bárust 27. ágúst.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni er hún af tegundinni C, árgerð 2002 og er fyrsti skráningardagur hennar 15. mars það ár. Bifreiðinni hafði verið ekið 113.000 þegar kaupin fóru fram 3. október 2009 og var kaupverðið kr. 670.000. Fyrirtækið D annaðist söluna.

Í álitsbeiðni segir m.a. eftirfarandi:

“Við prufukeyrslu bifreiðarinnar kom fram hristingur í framhjólum hægra megin líkt og hjólið væri vanstillt. Við pældum ekkert meira í því og keyptum bílinn. Þegar við göngum frá kaupum á bifreiðinni bendir bílasalinn okkur á að við höfum rétt til þess að láta óháðan aðila meta ástand bifreiðarinnar. Kaupin fóru fram um fjögurleytið á laugardegi og því ekki tími til að fara með bílinn í ástandsskoðun. Þegar ég svo keyri bílinn heim finn ég að hljóðið í framhjólum virðist meira en kom fram í prufukeyrslu. Þegar heim var komið athugaði ég ástandið á olíu bílsins þar sem kom í ljós að bílnum hafði verið ekið 30 þúsund kílómetra fram yfir áætluð olíuskipti.

Þá segir í álitsbeiðni að bifvélavirki sem skoðað hafi bifreiðina eftir kaupin hafi sagt að vinstri hjólalega að framan væri ónýtt og ekki mætti aka bifreiðina í því ástandi. Þá hafi þurft að skipta um ljósaperu að framan sem ekki hafi verið hægt því að festingin hafi verið brotin. Innri brettishlíf bílstjóræmegin hafi vantað, festingar fyrir grillið hafi verið brotnar og handbremsa óvirk. Þá hafi bifvélavirkinn bent á að bil milli vélarhlífar og frambretta væru ójöfn sem væru hrein og bein merki þess að bifreiðin hefði lent í

einhvers konar tjóni en í kaupsamningi komi fram að svo hafi ekki verið. Í tölvupósti frá 24. nóvember 2009 sem álitsbeiðandi kveðst hafa sent bílasölu og hún ætlað að koma áfram til seljanda segir eftirfarandi:

„Hérna kemur listi yfir þá galla sem komið hafa í ljós síðan við keyptum umræddan bíl í kringum mánaðamótin sept/okt 2009.

Við keyptum bílinn með þeim göllum sem sýnilegir voru þann dag og eru eftirfarandi:

- Ryðblettir á toppi, alveg upp við framrúðu.
- Illa farið lakk víðsvegar um bílinn.
- Brotinn stuðari að framan
- Dæld í bílstjórahurð og brotinn rammi utan um númeraplötu að framan.

Síðan þá hefur ýmislegt neikvætt komið í ljós.

1. Búið var að aka bílnum 30.000 km fram fyrir smurningartíma.
2. Við tókum eftir hristingi á framhjólum bílsins strax eftir kaupin sem við héldum að væri illa jafnvægisstilltir hjólbarðar. Eftir nánari skoðun kom í ljós að hjólalega farþegamegin var ónýtt. Sú viðgerð kostaði okkur kr. 40.000.-
3. Um leið og viðgerðin á hjólalegunni fór fram komumst við að því að báðar felgurnar að framan eru beyglaðar og greinilegt að bíllinn hefur lent í árekstri því óvenjulega mikið bil er á milli frambrettis (bílstjóragegin) og húddsins. Stálfelgur undir bílinn kosta kr. 55.000.- (4 stk) – Viðgerð á álfelgum er töluvert dýrari en það.
4. Bremsuklossar að aftan eru ónýtir. Þeir kostuðu kr. 10.000.-
5. Svuntur í innanverð frambretti vantar í bílinn. Þær varna því m.a. að vatn komist í rafkerfi bílsins. Þær kosta kr. 28.000.- (2 stk.) [Í samtali formanns kærufndar við álitsbeiðanda 19. ágúst sl. kom fram að aðeins um aðra svuntuna væri að ræða eins og kemur fram í álitsbeiðninni sjálfri.]
6. Svo sprakk önnur peran að framan í gær og þegar ég ætlaði að skipta um hana kom í ljós að festingar fyrir peruna eru ónýtar og tengingin fyrir hana einnig sem gerir það að verkum að ég get ekki skipt um peru í bílnum. Ég er ekki viss um hvað viðgerðin á þessum atriðum kemur til með að kosta.

Þetta er það sem komið hefur fram hingað til. Það kæmi mér ekki á óvart ef fleiri hlutir poppuðu upp á næstu dögum og vikum. Allir varahlutir sem keyptir hafa verið í bílinn hafa fengist með 30% starfsmannaafslætti N1 - og ættu því að vera töluvert dýrari en ég er að gefa hérna upp.

Þetta er með öllu óásættanlegt og við förum fram á riftingu sammings ef ekki verður komið til móts við okkur í þessari vitleysu.

Ég fer fram á kr. 100.000.- endurgreiðslu sem ég tel vera sanngjarna lausn því bíllinn er í raun hættulegur með öllum þessum göllum og það hefði ekki munað miklu á að vélin hefði eyðilagst vegna trassaskapar hvað varðar olíuleysi.“

Þá lýsir álitsbeiðandi því í álitsbeiðni að hann hafi haft samband við bílasalann sem hafi ætlað að hafa samband við seljanda en ekkert hafi gerst. Hann hafi ákveðið að láta skipta um hjólaleguna og jafnframt að setja vetrardekk undir bifreiðina. Þá hafi komið í ljós að báðar felgurnar að framan hafi verið svo illa farnar að ekki hafi verið hægt að setja dekkinn á þær og því hafi hann neyðst til þess að kaupa stálfelgur undir bílinn þar sem álfelgur hafi verið of dýrar. Að lokum hafi hann sent bílasalanum lista yfir það sem kosta hafi þurft til bifreiðarinnar þar sem seljandi sé beðinn um að greiða þann kostnað að einhverju leyti. Álitsbeiðandi kveðst og hafa sagt að yrði það ekki gert myndi

hann leita réttar síns og skila bifreiðinni. Bílasalinn hafi síðan ætlað að senda seljanda umræddan lista.

Seljandi hafi svarað því að honum þætti þetta leitt og vildi greiða kostnaðinn að einhverju leyti en ekki þá upphæð sem álitsbeiðandi segist hafa farið fram á. Ekkert hafi gerst og seljanda hafi verið skrifað annað bréf og þá verið lækkuð fjárhæðin sem hann hafi verið krafinn um greiðslu á. Engin svör hafi komið frá seljanda. Það bréf, þ.e. tölvupóstur, mun hafa verið sent 22. desember 2009, og gerir álitsbeiðandi í póstinum þá kröfu að seljandi greiði sér kr. 85.000 sem sé þriðjungur þess sem hann hafi þurft að geriða. Þá segir í álitsbeiðninni:

„Við förum fram á að seljandi greiði okkur til baka hluta varahlutakostnaðar sem við höfum þurft að greiða síðan við keyptum bílinn. Í kaupsamningi er ekki gerð grein fyrir neinum af þeim göllum sem við þurftum að taka á okkur um leið og við tókum við bílnum [...] Við viljum bara fá sanngjarna meðferð í þessu máli. Við erum ekki að draga neinn verkstæðiskostnað inn í þetta og finnst okkur bara sanngjarn að seljandi taki þátt í að borga þá varahluti sem við höfum þurft að setja í bílinn vegna þess að þeir voru ónýtir þegar við kaupum hann.“

Kærunefndin óskaði eftir nánari upplýsingum um kostnað við viðgerðir á bifreiðinni og eins að fá reikninga fyrir þeim. Álitsbeiðanda kvaðst ekki hafa aðra reikninga í höndum en þá sem hefðu fylgt álitsbeiðninni en þeir eru tveir. Annar er dags. 9. október 20089 fyrir legusetti og bremsuklossum að fjárhæð kr. 20.033. Hinn er dags. 8. mars 2010 og er fyrir útfærslujárn hæggra megin að aftan og gorma fyrir borða að aftan að fjárhæð kr. 13.626.

Í tölvupósti álitsbeiðanda til kærunefndarinnar, dags. 6. ágúst sl., segir m.a. eftirfarandi:

„Varðandi reikninga þá hef ég ekki fleiri reikninga í höndunum. Ástæðan er sú að kunningi minn sá um að skoða bílinn fyrir mig ásamt því að skipta um allt sem þurfti í skiptivinnu. Við keyptum nýjar felgur og koppa undir bílinn á barnalandi og fékk ekki neina nótu eða neitt með þeim. Hver felga undir bílinn með hjólkoppum kostaði mig 12.000 kr. Kostnaður vegna viðgerða er á bilinu 40-50 þúsund.“

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörunum er því mótmælt að seljandi hafi ekki brugðist við skilaboðum frá álitsbeiðanda. Tekið er fram að ásett verð á bifreiðina á söluskrá D í september 2009 hafi verið kr. 950.000 og því hafi álitsbeiðanda verið veittur ríflegur afsláttur af verði bifreiðarinnar vegna athugasemda hans um útlit og ástand hennar. Ekki geti því talist sanngjarn að álitsbeiðandi fái greiddar bætur til viðbótar.

Þá er tekið fram að bifreiðin hafi verið skoðuð 17. júlí 2009 hjá E, en þá hafi verið búið að aka henni 112.951 km. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við skoðunina. Seljandi hafi því ekki haft upplýsingar um bilaða hjólalegu sem álitsbeiðandi hafi fundið fyrir og því tekið áhættu með því að láta ekki skoða sérstaklega hvað væri að. Seljandi hafi enga tilraun gert til þess að leyna þessum galla.

Þá er því haldið fram að sú skoðunarskylda hvíli á kaupanda að kynna sér það sem skráð sé í smurbók bifreiðar og hafi álitsbeiðandi enga athugasemd gert vegna þessa við kaupin. Ekkert sé komið fram um það að álitsbeiðandi hafi beðið tjón af því að smurning hafi ekki verið framkvæmd eftir miðjan júlí 2009 en kvittun fyrir henni sé í hanskahólfi bifreiðarinnar.

Engar skráningar séu til um það að bifreiðin hafi lent í tjóni og því séu allar fullyrðingar þar um getgátur. Beyglur á felgum hljóti að teljast til eðlilegs slits á bifreið sem sé ekin 113.000 km. og því eðlilegt að þær litu ekki út sem nýjar. Þá teljist skipti á bremsuborðum til eðlilegs viðhalds en um þá hafi verið skipt 2 mánuðum eftir að kaupin fóru fram. Viðgerð á handbremsu hafi farið fram í apríl 2010 eða u.þ.b. 6 mánuðum eftir kaupin og erfitt að sjá að kostnaður við þá viðgerð komi seljanda við. Þá er bent á að hægt sé að fá „fatningar“ fyrir perur hjá N1 og í flestum tilvikum myndi þörf á slíku ekki teljast til stórvæðilegra leyndra galla. Þá segir í álitsbeiðninni eftirfarandi:

„Miðað við það sem að ofan er talið er ekki séð að hér hafi verið forsendur til riftunar, ekkert af upptöldum atriðum rýrir notagildi bílsins eða kemur í veg fyrir að hægt sé að nota hann á þann hátt sem til var ætlast. Kaupanda var ljóst að um töluvert notaðan bíl var að ræða, og ástand hans væri í samræmi við það, enda var söluverð bílsins mun lægra en sambærilegir bílar af sömu árgerð **eða tæplega 300.000.**

EKKI verður séð hvernig krafa kaupanda um bætur að upphæð kr. 90.000 getur staðist (fóru fyrst fram á 100.000 í bætur þannig að ekki er um verulega lækkun að ræða eins og fram kemur í kærubréfi). Engar nótur eru lagðar fram til að styðja þá upphæð, né var nokkuð samráð haft við seljanda varðandi t.d. kaup á nýjum felgum. Því er kröfunni alfarið hafnað. [...]“

V

Athugasemdir álitsbeiðanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda er lýst tilraunum hans til að hafa samband við seljanda bifreiðarinnar og þykir ekki sérstök ástæða til þess að rekja þær hér. Þá segir að athugasemdir um ástand bifreiðarinnar hafi komið fram löngu áður en þær voru framkvæmdar, en hann hafi fengið skoðun á viðurkenndu bifreiðaverkstæði 7. október og síðan er það rakið hvað komið hafi fram í þeirri skoðun. Meðal annars hafi verið það að felgurnar hafi verið ónýtar og segir þar um orðrétt: „Felgurnar voru svo illa farnar að kaupandi varð að henda öllum hjólbörðum, sem voru undir bifreiðinni þegar hún var keypt, þegar kaupandi fékk loksins nýjar felgur undir bifreiðina.“ Ástæðan fyrir því að viðgerð á bremsum hafi ekki verið framkvæmd fyrr en í apríl hafi verið sú að álitsbeiðandi hafi ekki haft efni á viðgerðinni fyrr en þá. Þá segir og að fáránlegt sé að segja að ekkert samráð hafi verið haft við seljanda um kaup á felgum sérstaklega í ljósi þess að engin svör hafi fengist frá honum við einföldum spurningum álitsbeiðanda. Enga kvittun fyrir smurningu á bifreiðinni hafi verið að finna í hanskahólfi og í smurbók bifreiðarinnar segi ekkert um að hún hafi verið smurð um miðjan júlí 2009. Þá segir orðrétt í athugasemdunum:

„Kaupandi gerir tilboð í bifreiðina sem seljandi tekur játandi. Tilboðið var gert í bifreiðina útfrá þeim **útlitsgöllum** sem sáust á bifreiðinni – ryðblettir á toppi, frammi við framrúðu (sem dýrt er að gera við vegna þess að það þarf að skipta um framrúðu í leiðinni), dældir, beygluð og brotin númeraplata ásamt rispuðum (ekki ónýtum) felgum. Seljandi hafði fullan rétt á að neita tilboðinu og því má ekki túlka játninguna sem einhvern afsláttargreiða við kaupanda.“

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og B falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Eins og fyrr er rakið þá er bifreið sú sem álitsbeiðandi keypti af tegundinni C, árgerð 2002 og er fyrsti skráningardagur 15. mars það ár. Bifreiðinni hafði verið ekið 113.000 þegar álitsbeiðandi keypti hana 3. október 2009 og kostaði hún kr. 670.000. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Í 19. gr. laga nr. 50/2000 segir m.a. eftirfarandi:

19. gr. *Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.*

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða

c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í 20. gr. sömu laga segir m.a. eftirfarandi:

20. gr. *Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.*

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Í framangreindum lagaákvæðum er annars vegar kveðið á um skyldu seljanda til að gefa upplýsingar um söluhlut og hins vegar skyldu kaupanda til að skoða söluhlutinn. Í því máli sem hér er til meðferðar hagar svo til að eigandi bifreiðarinnar virðist ekki hafa verið viðstaddur kaupin heldur hafi bílasala komið fram fyrir hans hönd. Það má telja ljóst af lýsingu álitsbeiðanda sem að framan er rakin að bifreiðin var illa útlítandi og mátti sjá það við sjónskoðun eina. Álitsbeiðandi keypti bifreiðina vitandi um útlit bifreiðarinnar enda gerir hann ekki kröfur á hendur seljanda vegna þess. Hins vegar þykir kærunefndinni álitsbeiðandi hafa mátt búast við því miðað við útlit bifreiðarinnar að eitt og annað gæti þurft að laga sem ekki varðaði útlit hennar, enda um 7 ára gamla bifreið að ræða sem ekið hafði verið 113.000 km. Var því ríkari ástæða fyrir hann en annars hefði verið að skoða bifreiðina rækilegar en hann virðist hafa gert eða láta skoða hana fyrir sig.

Enda þótt seljanda væri skylt að lýsa þeim göllum sem reyndust vera á bifreiðinni verða sumir þeirra að teljast svo augljósir að þeir fóru ekki eða hefðu ekki átt að fara framhjá álitsbeiðanda við venjulega skoðun og reynsluakstur.

Hér á eftir verður stuðst við upptalningu álitsbeiðanda í tölvupósti hans frá 24. nóvember 2009 á þeim göllum sem hann telur vera á bifreiðinni og eigi að leiða til þess að seljanda beri að taka þátt í kostnaði við að bæta úr. Krafa álitsbeiðanda eins og hún er sett fram í gögnum málsins verður að líta á sem kröfu um afslátt af kaupverði bifreiðarinnar.

1. Enda þótt bifreiðin hafi ekki verið smurð á réttum tíma og um einstakan trassaskap sé að ræða er ekkert komið fram um að það hafi leitt til sérstaks galla á bifreiðinni og getur það því ekki orðið grundvöllur fyrir afsláttarkröfu.
2. Fram kemur hjá álitsbeiðanda að hann varð við reynsluakstur var við titring í hægra framhjól og hlaut hann því að gera sér grein fyrir því að þar þyrfti eitthvað að laga án þess þó að hann kannaði nánar hvað að væri og keypti bifreiðina engu að síður vitandi um það. Af þessum ástæðum er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi geti ekki borið þennan galla fyrir sig, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 50/2000. Álitsbeiðandi segir í álitsbeiðni að handbremsa bifreiðarinnar sé óvirk en hvergi er að sjá að hann geri sérstaka kröfu vegna þess. Hann hefði enda átt að verða var við það við venjulegan reynsluakstur á bifreiðinni.
3. Þá verður að telja að beyglur á felgum og ástand þeirra að því leyti eigi að sjást við venjulega skoðun kaupanda og gegnir því sama máli um þetta atriði og hjólaleguna, sbr. tl. 2.
4. Að því er bremsuklossa að aftan varðar var vissulega ekki hægt að sjá við venjulega skoðun hvert ástand þeirra var en hefði etv. átt að finnast við reynsluakstur. Þegar litið er til aldurs og notkunar bifreiðarinnar þykir kærunefndinni að álitsbeiðandi hafi mátt búast við því að bifreiðin þarfnadist viðgerðar af þessu tagi en ekki er upplýst að seljandi hafi haft vitneskju um þetta og leynt henni.
5. Í álitsbeiðni kemur fram að innri brettishlíf bílstjóramegin hafi vantað og segir í tölvupósti álitsbeiðanda að slík hlíf kosti kr. 14.000. Sýnist þá ekki gert ráð fyrir kostnaði við að koma henni fyrir. Kærunefndin telur að ekki hafi verið hægt að ætlast til þess að álitsbeiðanda kæmi auga á þessa vöntun við venjulega skoðun kaupanda, sem seljandi hlaut að vita eða mega vita um, og telur að hér sé um galla að ræða sem leiða eigi til afsláttar seljanda á kaupverði, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 50/2000.
6. Sama máli gegnir um festingar og tengingu fyrir peru og það sem rakið er í lið 5 hér að framan.

Niðurstaða kærunefndarinnar er því sú að vegna þeirra galla sem lýst er í liðum 5-6 eigi álitsbeiðandi rétt á afslætti af kaupverði bifreiðarinnar. Þann afslátt verður að meta að álitum. Telur kærunefndin afsláttinn hæfilega metinn kr. 20.000.

VII Álitsorð

Seljandi, B, greiði álitsbeiðanda, A, kr. 20.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir